



Til: gunnlaugur@hornafjordur.is
Efni: Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyrir Háhól - Hjarðarnes
Upplýsingar: Sent: 21-10-2019 14:03:54 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019090003, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019090003

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 28. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Háhól - Hjarðarnesi.

Náttúrufræðistofnun mun hér fyrst og fremst gera athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi en þær athugasemdir eiga einnig við um fyrirhugaða breytingu Aðalskipulagi Hornafjarðar eftir því sem við á.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagið:

Byggingarsvæði B1 og lóðir 1 og 2 liggja á samfelldum, lítið röskuðum votlendissvæðum og mögulega að hluta á sjávarfitjum en það þyrfti að skoða betur.

Byggingarsvæði 1 er á votlendi sem flokkast sem gulstararflóavist, starungsmýravist og runnamýravist, sem allar eru forgangsvistgerðir og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarf að venda. Landið á þessu svæði virðist vera lítið framsætt (eða árangur af framræslu minni en til stóð) og þ.a.l. að mestu óraskað sem votlendi. Lóðir 1 og 2 eru á Hólanesi á votlendi og nytjuðum túnum. Lóð 1 er á nytjuðu túni annars vegar og votlendi hins vegar sem flokkast sem gulstararflóavist. Lóð 2 er sömuleiðis á skráðri gulstararflóavist sem og á þurrara, grasgefnara holti.

Skv. uppdrætti er gert ráð fyrir nýjum vegslóðum, ekki sýndir á aðalskipulagi, þvert yfir votlendissvæði og mögulegar sjávarfitjar. Bæði er sýndur vegur yfir votlendissvæði yfir Bergá milli B1 og B2 og um leirurnar milli Hólaness og Dilksness er slóði til skýringar skv. því sem er á uppdrætti en ekki virðist vera nánari útskýring á þessum slóða.

Með hliðsjón af vistgerðakortum eru á skipulagsreitum samfelld, lítið röskuð votlendi með vistgerðum á lista Bernarsamningsins. Eins er votlendið verndað skv. 61. grein laga um náttúruvernd. Ekki er rétt sem kemur fram í kafla 2, forsendur að ekki liggi fyrir skilgreining eða afmörkun á votlendissvæðum. Þá er mögulegt að þarna séu sjávarfitjar innan skipulagsreitsins sem ekki koma fram í kortagögnum Náttúrufræðistofnunar. Sjá meðfylgjandi mynd af kortlagningu votlendis á skipulagssvæðinu skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, sjá <https://serstokvernd.ni.is/>, sjá einnig vistgerðakort <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Á deiliskipulagi er einnig afmarkaður moldatíppur (sem reyndar er lítið sem ekkert fjallað um nema að þar eigi að vera uppgröftur og svæðið grætt upp) sem er á svipuðu svæði og byggingarsvæði 1, og er áætlað svæðið nái allt undir fjörumörk. Að mestu er um að ræða gulstararflóavist í bland við runnamýri og starungsmýravist. Allt forgangsvistir og að mestu óraskað svæði utan utan vegstæði hringvegarins. Auk þess sem votlendi verður eyðilagt getur set og e.t.v. næringarefni úr jarðveginum borist úr moldinni út í leirulónið. Eitthvað gæti verið af sjávarfitjum á svæðinu en það hefur ekki verið skoðað á vettvangi.

Framkvæmdir á skipulagssvæðinu geta haft áhrif á skeraleirur sem eru flokkaðar sem sem forgangsvistgerð og sömuleiðis falla allar leirur, þ.m.t. leirulón, undir 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa.

Skipulagssvæði Háhóls í deiliskipulagsuppdrætti nær vel inn á leirur og fyrrgreindur vegur sem teiknaður er milli byggingarreita þverar ána líklegast alveg við fjörumörk. Hjá Dilksnesi eru lóðamörk og skipulagssvæðið einungis örfáa metra frá fjöru.

Lóðirnar á Dilksnesi liggja að mestu á landi sem nú þegar er nýtt ef frá er talin lóð 3, 4 og 5. Lóð 3 er

rétt við eldri byggð, þar er byggt á þurrara holti, líklega framræst land sem nú er grösugt, en alveg í jaðri sjávarfitja. Lóðir 4 og 5 eru að hluta á votlendi (kortlagt sem gulstararflóavist) á milli þurrari holta. Á þessum lóðum þyrfti að taka sérstaklega á vernd votlendis og lágmarka rask á það þ.m.t. sjávarfitjar.

Almennt er um er að ræða svæði sem er hluti af svæði sem flokkast sem mikilvægt fuglasvæði Hornarfjörður - Kolgríma, sjá bls. 251 http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf og svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að njóti verndar <https://www.ni.is/node/21627>. Skipulagshöfundar meta áhrif á fuglalíf sem óveruleg og þau aðeins talin bundin við framkvæmdartíma. Gera má ráð fyrir að með aukinni uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu geti umgangur fólks aukist mikið um svæðið sem getur haft truflandi áhrif á fuglalíf til framtíðar en ekki eingöngu yfir framkvæmdartímamann. Leirur og votlendi eru almennt mikilvæg fæðuöflunarsvæði og er svæðið í heild sinni mikilvægt fyrir bæði fugla sem safnast saman í fæðuleit og varpfugla. Einnig þarf að gæta mikillar varúðar þegar farið er í framkvæmdir á svæðinu vegna þess hve viðkvæmt það er fyrir framkvæmdum sem geta breytt smádyrafánu svæðisins sem er undirstaða stórra fuglastofna sem leita á svæðið.

Skv. áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi kemur fram eftirfarandi starfsmarkmið: *1.3 Uppbygging tekur mið af umhverfinu og fellur vel að náttúrunni á hverjum stað*. Sé ætlunin að standa raunverulega við þetta starfsmarkmið, sbr. kafla 2.5 í greinargerð, þarf að endurskoða framlagðar skipulagsbreytingar því það vantar að tekið sé mið af náttúru svæðisins. Mikilvægt er að allar breytingar verði gerðar með það að leiðarljósi að vernda mikilvægar vistgerðir og náttúrufar.

Í tilfellum sem þessum þarf eins og áður segir að huga sérstaklega að auknu álagi á vistgerðir svæðisins sem framkvæmdirnar geta haft í för með sér s.s. aukin umferð, traðk, skólp, truflun og breytingar á vatnsformfræði vegna veglagningar og fleira. Fjörusvæðin eru hallalítill og þannig geta breytingar, t.d. aukinn lífrænn úrgangur frá skólpi eða seltubreytingar vegna breyttra vatnsskipta frá veglagningu, haft mikil áhrif á það dýralíf og gróðurfar sem er á staðnum. Einnig þarf að skoða skipulagið í stærra samhengi þ.e. að hér er ekki um að ræða eina staðinn þar sem votlendi er undir álagi og einnig vert að minna á að mikið er lagt upp úr því í dag að halda í votlendi vegna loftslagsmála.


Niðurstaða:

Náttúrufræðistofnun getur ekki fallist á að deiliskipulagið/aðalskipulagið hafi óveruleg áhrif á þessu svæði. Einnig telur stofnunin að ekki sé sýnt fram á að það sé brýn nauðsyn að taka votlendissvæði undir byggingar/lóðir, vegi og moldartipp. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd skal sýna fram á brýna nauðsyn ef taka á land sem nýtur sérstakrar verndar undir framkvæmdir. Það að byggja þurfi upp innviði vegna aukins álags vegna ferðamanna eða að auka við atvinnumöguleika eru ekki rök fyrir að taka óröskuð svæði undir nýbyggingar og vegi ef annað landrymi er til staðar eða hægt að laga skipulagið að landinu..

Náttúrufræðistofnun telur það skipulag sem áætlað er á Dilksnesi vel geta geta verið í samræmi við lög um náttúruvernd og Landsskipulagsstefnu eins og kemur fram í kafla 2.1 í greinargerð með deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi og falla frá staðsetningu á moldartipp og veglagningu þvert yfir óraskað votlendi.

Náttúrufræðistofnun telur að tryggja eigi að byggingarsvæði, B1 og B2 raski ekki votlendi og verði færð ef þörf krefur (Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tök á að skoða svæðið á vettvangi) á svæði þar sem votlendi verður ekki raskað. Sömuleiðs að þar sem þörf er á verði lóðir, t.d. fyrrgreindar lóðir á Dilksnesi, skilgreindar og afmarkaðar þannig að votlendi sé ekki raskað hvorki vegna bygginga eða annarrar uppbyggingar lóðarhafa s.s. að gert sé ráð fyrir að planta þar trjám. Allar lóðir í skipulaginu eru sýndar sem kassalaga eða ferhyrndar. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti skoða þann möguleika að lóðir fylgi landi þannig að votlendi standi utan eiginlegra lóða, framkvæmda og áhrifa og njóti þannig verndar.



Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

